

GJALDSKRÁ

fyrir hreinsun og losun rotþróa í Húnaþingi vestra.

1. gr.

Fyrir hreinsun og losun rotþróa í Húnaþingi vestra skal húseigandi greiða árlegt gjald, rotþróargjald, skv. gjaldskrá þessari, sbr. 11. gr. samþykktar um rotþrær og siturlagnir fyrir Húnaþing vestra nr. 910/2004.

2. gr.

Rotþróargjald árið 2013 skal vera eftirfarandi:

Rotþró 0-2.000 lítra	kr.	7.194	pr. þró
Rotþró 2.001-4.000 lítra	kr.	8.609	pr. þró
Rotþró 4.001-6.000 lítra	kr.	10.260	pr. þró
Rotþró 6.001 lítra og stærri	kr.	2.712	pr./m ³

Gjald miðast við að barkalengd hreinsibíls sé 50 metrar eða minni.

Fyrir barkalengd umfram 50 metra skal eigandi greiða sérstaklega skv. reikningi.

3. gr.

Fyrir aukalosun skal innheimta gjald þó aldrei hærra en nemur kostnaði við losun og förgun.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt var af sveitarstjórn Húnaþings vestra 8. nóvember 2012, með stoð í 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og á grunni samþykktar um rotþrær og siturlagnir fyrir Húnaþing vestra nr. 639/2013, öðlast þegar gildi.

Hvammstanga, 10. júlí 2013.

F.h. sveitarstjóra Húnaþings vestra,

Guðrún Ragnarsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.